

Snorri Sturluson

HÁTÍÐARÚTGÁFA


í tilefni
átta hundruð ára afmælis
höfundar

AF HÁTÍÐARÚTGÁFU ÞESSARI SEM PRENTUÐ ER
Í TILEFNI ÁTTA HUNDRUÐ ÁRA AFMÆLIS
SNORRA STURLUSONAR
ERU GEFIN ÚT ÞRJÚ HUNDRUÐ EINTÖK
SEM ÖLL ERU TÖLUSETT
OG ÁRITUÐ AF FORSETA ÍSLANDS
DR. KRISTJÁNI ELDJÁRN
OG ER ÁRITUNIN Í FYRSTA BINDI

Heimskringla

III

BJARNI AÐALBJARNARSON
gaf út



Reykjavík

HIÐ ÍSLENZKA FORNRITAFÉLAG
MCMLXXIX

ungi, en Ásbjörn snara, bróðir Absalóns erkibyskups, fór til Nóregis í gísling í móti.

XXX. KAPÍTULI

ÞAT var eitt sinn, er þeir töludu Valdamarr konungr ok Erlingr. Mælti Erlingr: „Herra, þat þykki mér líkast til sætta, at þér hafið allt þat af Nóregi, sem yðr var heitit í einkamálum várum. En ef svá er, hvern höfðingja vilið þér yfir setja þar, hvárt nokkurn dansk-an? Nei,“ segir hann, „engir Danahöfðingjar munu fara vilja í Nóreg ok fásk þar við hart fólk ok óhlýðit, en hafa hér áðr ærit gott með yðr. Ek fór fyrir þá sök hingat, at ek vil fyrir engan mun missa yðarrar vináttu. Higat til Danmarkar hafa fyrr farit menn af Nóregi, Hákon Ívarsson ok Finn Arnason, ok gerði Sveinn konungr, frændi yðarr, hvárn tveggja þeira jarl sinn. Eigi em ek nú minni valdsmaðr í Nóregi en þeir váru þá, ok gaf konungr þeim yfirsókn á Hallandi, því ríki, er hann átti áðr. Nú þykki mér, herra, þér vel mega unna mér þess lands, ef ek gerumk yðarr maðr handgenginn, at ek halda af yðr þessu ríki. Svá ok Magnús konungr, sonr minn, má eigi mér þess synja, en ek vil við yðr vera skeyttr ok skyldr til allrar þjónostu, þeirar er því nafni byrjar.“ Slíkt talaði Erlingr ok annat þessu líkt, ok kom svá at lykðum, at Erlingr gerðisk handgenginn Valdamarr konungi, en konungr leiddi Erling til sætis ok gaf honum jarldóm ok Víkina til léns ok yfirsóknar. Þá fór Erlingr heim til Nóregis ok var síðan jarl, meðan hann lifði, ok helzk í sætt við Danakonung jafnan síðan.¹ Erlingr átti fjóra frillusonu. Einn hét Hreiðarr, ann-

¹ Saxo segir öðru vísi og líklega konungs og Erlings: Ad lokinni krýningu Knúts Valdimarssonar (24. júní

arr Ögmundr; þeir váru sér um móður; þriði Finn, fjórði Sigurðr; þeira móðir var Ása in ljósa; þeir váru yngri. Kristín konungsdóttir ok Erlingr áttu dóttur, er Ragnhildr hét. Hon var gípt Jóni Þorbergssyni af Randa-bergi. Kristín fór af landi með þeim manni, er Grímr rusli var kallaðr. Þau fóru út í Miklagarð ok váru þar um hrið, ok áttu þau börn nokkur.

XXXI. KAPÍTULI

ÓLÁFR, sonr Guðbrands Skafhögssonar ok sonr Máriu Eysteinsdóttur konungs Magnússonar, var at fóstri með Sigurði agnhott¹ á Upplöndum. En er Erlingr var í Danmörk, þá hófu þeir fóstrar flokk, Óláfr ok Sigurðr, ok réðusk til margir Upplendingar. Var þar Óláfr til konungs tekinn. Þeir fóru með flokkinn um Upplönd, en stundum í Víkina, stundum austr á Markir. Ekki váru þeir á skipum. En er Erlingr jarl spurði til flokks þessa, þá fór hann liði sínu í Víkina ok var á skipum um sumarit ok um haustit í Ósló ok veitti þar um jólin. Hann lét halda njósnum upp á landit til flokksins ok fór sjálf upp á land at leita þeira ok með hon-

1170) tóku þeir Helgi biskup í Ósló og Stefán erkibiskup í Uppsölum til máls og báðu Valdimarr gera frið við Norðmenn. Hét konungr þá Erlingi griðum til sáttafundar. Ad bæn Helga var Ásbjörn snara síðan sendur til Noregs, og settist hann þar í gísling, en Erlingur hélt ásamt Stefáni erkibiskupi fjórum skipum til Sjálands. Erlingur hitti Absalon biskup fyrir við Íseyri, og fylgdi Absalon Erlingi til Jótlands á fund konungs. Í fyrstu veitti Valdimarr Erlingi svo þungar átölur, að hann örvænti um sætt, en brátt

var þó gerður friður. Sór Erlingur ásamt öðrum norskum höfðingjum, að hann skyldi fósttra son Valdimars konungs, Valdimarr — er var þá á fyrsta ári — og skyldi hann verða hertogi í Noregi og síðan rikisarf, ef Magnús Erlingsson léti engan skilgetinn son eftir sig. Enn fremur gekk Erlingur konungi á hönd og hét því, að Norðmenn skyldu gera út sextíu skip í leiðangur með honum, hve nær sem þyrfti. — Þegar Erlingur kom heim, hvarf Ásbjörn aftur til Danmerkur.

¹ agnhotttr: hattu með beitu(?).